

AÐALFUNDUR 2014  
Ávarp stjórnarformanns

## Aðalfundur Íslandsbanka 2014 Friðrik Sophusson, stjórnarformaður

### Traustur og góður rekstur

Árið 2013 var gott ár í sögu Íslandsbanka. Á grundvelli stefnu og ákvarðana undanfarinna ára styrktust innviðir bankans og reksturinn eflist. Efnahagur Íslandsbanka er traustur og bankinn er vel í stakk búinn til að standa undir sjálfbærum vexti til framtíðar. Markaðshlutdeild Íslandsbanka er yfir 30% hjá einstaklingum og enn hærri hjá fyrirtækjum. Eiginfjárhlutfall bankans er sterkt eða 28,4% og má því segja að arðsemi eigin fjár sé vel viðunandi í ljósi svo hás eiginfjárhlutfalls.

### Arður og útgreiðsla arðs

Sérstakt eignarhaldsfélag, ISB Holding, fer með 95% eignarhlut Glitnis í Íslandsbanka og Bankasýsla ríkisins með 5% eignarhlut ríkisins. Á síðasta ári var eigendum bankans greiddur arður í fyrsta sinn að upphæð 3 milljarðar króna. Stjórn bankans hefur ákveðið að leggja til við aðalfund að greiddur verði arður allt að 40% af hagnaði síðasta árs. Í tillögunni er gert ráð fyrir að 4 milljarðar verði greiddir út í kjölfar aðalfundarins, en mögulegt sé að boða til hluthafafundar síðar á árinu til að ákveða frekari arðgreiðslu innan þeirra marka, sem tillaga stjórnar gerir ráð fyrir. Arðurinn verður greiddur út í íslenskum krónum.

### Áhættuskýrslan

Áhættuskýrsla bankans kemur nú út í fjórða sinn. Íslandsbanki leggur ríka áherslu á gagnsæi og upplýsingagjöf um starfsemi sína og var fyrstur íslenskra banka til að gefa út skýrslu af þessu tagi. Áhættuskýrslunni hefur ávallt verið vel tekið og aðrir bankar hafa nú fylgt þessu fordæmi. Í skýrslunni eru ýtarlegar upplýsingar um áhættustýringu bankans og yfirlit um það regluumhverfi sem bankinn starfar í. En ekki síst er þar að finna upplýsingar sem nýtast fjárfestum, greinendum og öðrum áhugasömum til að skilja áhættumynstur bankans.

### Skattar og gjöld

Á s.l. ári greiddi Íslandsbanki samtals 12,4 milljarða króna í skatta og gjöld til hins opinbera að meðtöldum eftirlitsgjöldum. Þar af nemur bankaskatturinn 2,3 milljörðum króna. Ríkisstjórnin hefur sagt að nýjar álögur, sem standa eiga straum af kostnaði vegna höfuðstólsleiðréttingar húsnæðislána, séu tímabundnar. Það er mikilvægt að ríkisstjórnin standi við orð sín því að þessi mikla skattlagning á tekjustofna eins og skuldir og laun dregur stórlega úr hagræði í bankakerfinu og dregur einnig úr áhrifum þeirra fjölmörgu aðgerða sem Íslandsbanki hefur gripið til á undanförunum árum til þess að lækka kostnað og hagræða í rekstri.

Hinn sérstaki bankaskattur skemkir verulega það samkeppnisumhverfi sem stærri viðskiptabankarnir starfa í, bæði hér á landi og gagnvart erlendum aðilum. Innlendir aðilar, sem eiga í beinni samkeppni við bankana á húsnæðislánamarkaði - Íbúðarlánasjóður og lífeyrissjóðirnir eru t.a.m. undanþegnir slíkri skattheimtu og minni lánastofnanir greiða ekki skattinn. Þessi sérstaka skattheimta veikir einnig samkeppnisstöðuna gagnvart erlendum lánastofnunum, sem fjármagna íslensk fyrirtæki. Skatturinn á íslensku bankana skapar erlendum lánafyrirtækjum skilyrði til að bjóða íslenskum fyrirtækjum lakari lánskör en öðrum fyrirtækjum, sem þau þjóna.

Íslandsbanki hefur frá árinu 2008 greitt samtals rúmlega 37 milljarða króna í opinber gjöld og gjöld til eftirlitsstofnana. Hæst vegur tekjuskattur en þar á eftir kemur sérstakur bankaskattur og greiddi bankinn

2,3 milljarða í bankaskatt á árinu 2013 eins og áður sagði. Virk skattprósenta bankans er því orðin 26,2% á árinu 2013 miðað við 23,7% árið 2012.

## Starfskjarastefna

Samkvæmt starfskjarastefnu Íslandsbanka er bankanum heimilt að greiða starfsmönnum og stjórnendum árangurstengdar greiðslur á grundvelli sérstaks árangurskerfis, sem stjórn bankans samþykkir. Á síðasta ári hóf Íslandsbanki að útfæra kaupaukakerfi þannig að það næði til fleiri starfsmanna en eingöngu framkvæmdastjórnar. Kerfið nær í dag til um 100 starfsmanna. Kaupaukakerfið byggir á ströngum reglum og ramma sem settur er af Fjármálaeftirlitinu. Rammi FME kveður á um að kaupauki starfsmanna nemi ekki hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi, en hjá Íslandsbanka er sá rammi ekki fullnýttur. Þá þarf að fresta útgreiðslu á 40% af kaupauka um þrjú ár. Einnig getur bankinn gert endurgreiðslukröfu á hendur starfsmanni í allt að 5 ár eftir að greiðsla er innt af hendi, ef í ljós kemur að frammistaða starfsmanns hefur vikið verulega frá því sem lá til grundvallar ákvörðun um árangurstengda greiðslu. Kerfið var samþykkt af stjórn bankans eftir umfjöllun starfskjaranefndar og tekur til margra mismunandi þátta, m.a. þátta sem stuðla að heilbrigðum og góðum viðskiptaháttum, leiðtogafærni, þjónustu og ánægju viðskiptavina og starfsfólks.

Nánar er fjallað um fyrirkomulag starfskjarastefnunnar í áhættuskýrslu bankans en hún fylgir árs-skýrslunni.

Ramminn um kaupaukakerfi hér á landi er mun þrengri en þekkist t.a.m. í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Það er skiljanlegt í ljósi reynslunnar frá því fyrir hrun. Hins vegar má ekki gleyma því að kaupaukakerfi á að hafa jákvæð áhrif á hegðun og draga úr áhættusækni, ef til staðar eru innbyggðir mælikvarðar sem hvetja til slíkrar hegðunar.

## Áhætta og eftirlit

Í kjölfar bankahrunsins var áhættusækni fjármálastofnana harðlega gagnrýnd og opinbert eftirlit stórlega aukið. Þetta voru eðlileg viðbrögð – ekki síst í ljósi þess að tap fjármálfyrirtækja lenti í mörgum tilvikum a ríkissjóðum viðkomandi þjóða og þar með á almenningi. Það má hins vegar ekki gleymast að hæfileg áhættusækni er nauðsynlegur aflvaki í samfélögum, sem vilja efnahagslegar framfarir. Aðalatriðið hér eins og annars staðar er að þeir, sem taka áhættu, beri sjálfir á henni ábyrgð.

Í nútímapjóðfélagi er nauðsynlegt að hið opinbera haldi úti eftirliti og neytendavernd. Það sem skiptir hins vegar meira máli er að fyrirtækin og starfsfólk þeirra séu þjálfuð í góðri hegðun á grundvelli innra eftirlits og einstaklingum sé gert kleift með viðeigandi menntun að meta sjálfir stöðu sína, hagsmuni og réttindi gagnvart fyrirtækjum og hinu opinbera. Dýrar opinberar eftirlitsstofnanir koma aldrei í stað þess trausts og þeirrar ábyrgðar, sem eru hluti hegðunar í góðum og vel reknum fyrirtækjum. Á sama hátt eru sjálfstæðir og vel menntaðir einstaklingar besta vörnin gegn fyrirtækjum og stofnunum, sem ekki stunda góða starfshætti og vinnubrögð.

Sífelld er verið að planta nýjum trjám í reglugerðafrumskóg stjórnvalda. Meiri tími stjórna fyrirtækja fer í að fjalla um eftirlit og minni tími gefst þar af leiðandi til stefnumótunar. Sífelld fleiri vinnustundir starfsmanna fara í að þjóna eftirlitskerfinu. Meira að segja Evrópusambandið, sem er methafi í reglugerðarskógrækt, hefur komið auga á þetta og hefur sett sér það markmið að grisja reglugerðarskóg sambandsins um fjórðung. Sumar þjóðir áforma að setja ekki nýjar reglugerðir nema aðrar séu samtímis afnumdar í staðinn. Í aðgerðaráætlun núverandi ríkisstjórnar er tekið undir þessi sjónarmið. Vonandi verður við það staðið, þótt enn sjáist þess ekki merki.

## Stjórnarhættir

Stjórn og stjórnendur Íslandsbanka hafa á undanförunum árum lagt áherslu á að efla og bæta ákvarðanatökufærni og stjórnarhætti innan bankans og fékk Íslandsbanki hf. nýlega viðurkenningu frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Þessi viðurkenning er ánægjuleg staðfesting á þeirri miklu vinnu sem fram hefur farið innan bankans. Markmið okkar er að rekstur bankans sé traustur og besta leiðin til þess er að viðhafa góða

stjórnarhætti og heilbrigða viðskiptahætti. Þessi viðurkenning er staðfesting þess að við erum á rétttri leið.

Viðurkenningin byggir á ítarlegri úttekt á starfsháttum stjórnar og stjórnenda bankans sem unnin var af KPMG ehf. í janúar 2014. Að mati Rannsóknarmiðstöðvarinnar gefur niðurstaða úttektar KPMG ehf. á stjórnarháttum Íslandsbanka hf. skýra mynd af stjórnarháttum bankans og bendir til þess að Íslandsbanki geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

### **Pólítísk áhætta og fjármálalegur stöðugleiki**

Í viðræðum við erlenda fjárfesta koma tíðum fyrir þau sjónarmið að stjórnmálaleg áhætta sé veruleg á Íslandi og þess vegna hiki aðilar við að fjárfesta hér. Er þá einkum vitnað til aðgerða ríkisvaldsins, sem oft séu ófyrirsjáanlegar, fyrirvaralausar og geti gjörbreytt rekstrarumhverfinu á skammri stundu. Skattlagning á fjármálafyrirtæki eru dæmi um þess háttar aðgerðir. Það er mikilvægt að stjórnvöld hafi þessi atriði í huga, þegar þau grípa til aðgerða, ef þau vilja greiða fyrir erlendum fjárfestingum hér á landi. Þetta vita nágrannar okkar á Írlandi, en erlendir fjárfestar þar geta treyst því að sköttum sé ekki breytt fyrirvaralaust. Af reynslu minni veit ég að skattastefna stjórnvalda skiptir sköpum, þegar sóst er eftir erlendri fjárfestingu.

Fjármálalegur stöðugleiki er bæði bönkunum og samfélaginu öllu afar mikilvægur. Grundvöllur þess stöðugleika hefur verið treystur á undanförunum árum með styrkari fjármálafyrirtækjum og gróskumeira efnahagssumhverfi. Halda ber áfram á þeirri vegferð þannig að núverandi stöðugleiki verði festur í sessi. Breytingar er varða efnahagslega og lagalega umgjörð fjármálafyrirtækja þarf að skoða út frá þessu sjónarmiði. Gildir þar einu hvort um sé að ræða breytingar á íbúðarlánamarkaði, rýmkun gjaldeyrishafta eða afnám verðtryggingar svo eitthvað sé nefnt af þeim stóru málum sem í umræðunni hafa verið undanfarið. Reynslan kennir að hagsmunir samfélagsins og fjármálakerfisins eru samofnir og miklir og því mikilvægt að vandað sé til verka.

### **Framtíðarskipan húsnæðismarkaðarins**

Nýlega skilaði verkefnahópur um framtíðarskipan húsnæðismarkaðarins skýrslu, sem er tímabær og um margt gagnlegt framlag í umræðuna um þetta mikilvæga málefni. Vonandi verður skýrslan til þess að hreyfing komist á aðgerðir svo að hægt verði að aflétta því óvissuástandi sem ríkir til dæmis um Íbúðarlánasjóð. Þótt tillögurnar séu um margt ágætari er samt ástæða til að huga betur að kostnaði við útfærslu tillagnanna. Í fullri alvöru þarf að kanna hvort ná megi settu marki án þess að auka rekstrarkostnað með því að knýja fram stofnun sérstakra fjármálafyrirtækja. Í því sambandi ber að athuga hvort nýta megi kosti útgáfu sértryggðra skuldabréfa hjá bönkum án þess að stofna sérstök félög, en reynslan af slíkri útgáfu er góð.

### **Breytt eignarhald**

Á síðasta aðalfundi fjallaði ég nokkuð um eignarhaldið á Íslandsbanka. Það er ljóst að þeir sem fara með eignarhaldið í dag eru ekki framtíðareigendur bankans. Markmið þeirra er að selja bankann strax og aðstæður leyfa. Ég vil sérstaklega taka fram að núverandi eigendur bankans hafa aldrei reynt að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnar bankans í því skyni að draga taum eigenda á annarra kostnað. Slitastjórn Glitnis, sem á 95% hlut í bankanum, hefur lýst áhuga sínum á að skrá bankann á markað. Miklu skiptir að Íslandsbanki verði í eigu einkaaðila, innlendra eða erlendra, sem sjá hag sínum borgið með því að stunda fjármálastarfsemi hér á landi til langframa og hafa áhuga á því að taka þátt í uppbyggingu og þróun atvinnu- og efnahagslífs hér á landi. Erlend eignaraðild getur haft jákvæð áhrif á greiðslujöfnuð við útlönd, opnað aðgengi að erlendu fjármagni og þannig liðkað til við losun gjaldeyrishaftanna.

Íslandsbanki á sér langa sögu og djúpar rætur í íslensku fjármálalífi. Árið 1990 var nafnið sótt til forvera Útvegsbankans, þegar sá banki sameinaðist þremur bönkum, sem voru í eigu einkaaðila.

Núverandi stjórn og stjórnendur Íslandsbanka hafa búið bankann undir skráningu og sölu. Innviðir bankans hafa verið styrktir og fjárhagslegri endurskipulagningu viðskiptamanna er að ljúka. Byr, Kreditkort og Framtíðarauður hafa sameinast bankanum. Eiginfjár- og lausafjárstaða er sterk og bankinn hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar hérlendis og erlendis fyrir starfsemi sína. Aðalatriðið er eftir sem áður að tryggja að hagsmunir viðskiptamanna, starfsmanna og íslensku þjóðarinnar verði ætíð í fyrirrúmi, hvernig sem eignarhaldinu er varið.

### **Breytingar á stjórn**

Íslandsbanki uppfyllir í dag lög um kynjakvóta. Í september á síðasta ári samþykkti hluthafafundur Íslandsbanka breytingu á stjórn bankans. Helga Valfells og Þóranna Jónsdóttir tóku þá sæti í aðalstjórn Íslandsbanka. Þá voru gerðar breytingar á fastanefndum stjórnar sem fjalla um ákveðna málaflokka. Sérstök lánanefnd stjórnar hefur verið lögð niður, en sú nefnd fjallaði um stærri lánamál og mál tengd endurskipulagningu fjárhags stærri fyrirtækja. Í hennar stað hefur verið sett á laggirnar sérstök stefnumótunarnefnd sem fjallar um stefnumál og markmiðasetningu í rekstri bankans. Þessi breyting endurspeglar góða stöðu bankans í dag, þar sem meiri áhersla er lögð á reksturinn og stefnu til framtíðar frekar en að leysa úr vandamálum fortíðar.

### **Aukin bjartsýni**

Í nýliðnum mánuði var birt könnun meðal stjórnenda 400 stærstu fyrirtækjanna hér á landi. Þar má sjá að stjórnendur eru heldur jákvæðari og bjartsýnni nú en þeir hafa verið á síðustu árum. Að sama skapi vænta menn rénanandi verðbólgu og verðbólguþáttar sýna að framundan er minnsta verðbólga um árabil. Stjórnendur gera ráð fyrir auknum fjárfestingum, einkum í byggingarstarfsemi, flutningum og ferðaþjónustu sem er einkar ánægjulegt þar sem það hefur bein áhrif á starfsemi bankans.

### **Þakkir og lokaorð**

Árið 2013 var gott ár í rekstri Íslandsbanka og byggir sá góði árangur á þrotlausri vinnu starfsmanna bankans á undanförunum árum. Ég vil þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Mörg áhugaverð verkefni hafa verið á borði okkar á þessum tíma. Ég vil einnig þakka starfsmönnum og stjórnendum fyrir gott og metnaðarfullt starf sem hefur skilað sér í góðum árangri bankans. Einnig vil ég þakka hluthöfum bankans, ISB Holding og Bankasýslunni fyrir samstarfið. Þá vil ég sérstaklega þakka Birnu Einarsdóttur, bankastjóra, fyrir hennar störf í þágu bankans. Hún og hennar teymi hefur tekist á við ögrandi verkefni á undanförunum árum og skilað af sér sterkum og öflugum banka.

Vaxandi bjartsýni gætir hér á landi og framundan eru fjölmörg áhugaverð verkefni sem lúta að eignarhaldi bankans og framtíðarfyrirkomulagi peningamála hér á landi. Í þeim efnum mun Íslandsbanki verða hreyfiafl og vinna með fólki, fyrirtækjum og stjórnvöldum að framtíðarlausnum.

Mikilvægasta samfélagshlutverk Íslandsbanka er að tryggja að hagnaður bankans byggji á heilbrigðum og góðum viðskiptaháttum og traustum rekstri. Þannig getur bankinn best rækt hlutverk sitt og veitt fjármagni til atvinnulífs og fjölskyldna í landinu.

Takk fyrir.